

Efnisyfirlit

Lög Samiðnar.....	3
1. kafli – Heiti og hlutverk	3
1.1 Heiti.....	3
1.2 Hlutverk.....	3
1.3 Markmið.....	3
2. kafli – Aðild, réttindi og skyldur	3
2.1 Aðildarskilyrði	3
2.2 Umsókn um aðild	3
2.3 Réttindi og skyldur aðildarféлага	4
2.3.1 Um aðalfundi aðildarféлага.....	4
2.3.2 Samningsumboð	4
2.3.3 Skil gagna til miðstjórnar.....	4
2.3.4 Ágreiningsmál	4
2.3.5 Lagabreytingar	4
2.3.6 Upplýsingaskylda.....	4
3. kafli – Sambandsþing	4
3.1 Valdheimildir	4
3.2 Undirbúningur og tímasetning.....	5
3.3 Boðun á þing	5
3.4 Dagskrá þings	5
3.5 Atkvæðavægi	5
3.6 Kjörgengi	5
3.7 Aukaþing	5
4. kafli – Fulltrúakjör á sambandsþing.....	6
4.1 Kosningar og kjörgengi.....	6
4.2 Kosning fulltrúa á þing	6
4.3 Fjöldi frá hverju félagi	6
4.3.1 Fjöldi þingfulltrúa	6
4.3.2 Hámarksvægi.....	6
4.3.3 Uppbótarfulltrúar.....	6
4.3.4 Hlutfall.....	6
4.3.5 Áheyrnarfulltrúar	6
4.4 Sérákvæði.....	6
4.4.1 Deildaskipt félög.....	6

4.4.2 Nýtt aðildarfélag	7
4.4.3 Óvirkt félag.....	7
4.5 Kjörtímabil.....	7
5. kafli – Stjórn sambandsins	7
5.1 Kosning stjórnar	7
5.2 Formaður og varaformaður	7
5.3 Framkvæmdastjórn.....	7
5.4 Sambandsstjórn	7
5.4.1 Fundir	8
5.4.2 Valdheimildir	8
5.5 Miðstjórn.....	8
5.6 Framkvæmdastjóri	8
5.7 Réttur til setu	8
6. kafli – Fjármál	8
6.1 Skattur	8
6.2 Gjald dagar	9
6.3 Dráttarvextir.....	9
6.4 Skuld fyrirgerir rétti til þingsetu	9
6.5 Ársreikningar aðildarfélaga	9
6.6 Kostnaður sambandsins ákveðinn af miðstjórn.....	9
6.7 Fjárhagsáætlun.....	9
6.8 Reikningar	9
7. kafli – Fulltrúakjör á þing ASÍ.....	9
7.1 Skipting sæta þingfulltrúa	9
7.2 Kosning þingfulltrúa	10
8. kafli – Lagabreytingar	10
8.1 Samþykki	10
8.2 Tímamörk	10
9. kafli – Brotthvarf félags.....	10
9.1 Úrsögn	10
9.2 Brottvikning.....	11
9.3. Réttaráhrif brotthvarfs.....	11

Lög Samiðnar

1. kafli – Heiti og hlutverk

1.1 Heiti

Sambandið heitir Samiðn – landssamband iðnfélaga á Íslandi.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

1.2 Hlutverk

Samiðn er landssamband félaga í iðn- og tæknigreinum og starfssvæðið er allt landið. Landssambandið á aðild að Alþýðusambandi Íslands.

Samiðn stefnir að áhrifum launafólks á sviði þjóðmála s.s. í kjara-, atvinnu-, mennta- og hagsmunamálum.

1.3 Markmið

Markmið og hlutverk Samiðnar er að stuðla að:

1. Aukinni samvinnu stéttarfélaga í iðngreinum og fjölgun stéttarfélaga í Samiðn.
2. Aukinni stéttarfélagsaðild launafólks í þeim starfsgreinum sem tengjast sambandinu.
3. Samræmingu laga og reglugerða aðildarfélaganna.
4. Aðstoð við aðildarfélögin við gerð grunnkjarasamninga og sérkjarasamninga og beita sér fyrir samstöðu þeirra og gagnkvæmum stuðningi.
5. Aukinni virðingu og sýnileika iðngreina í samfélaginu, t.d. með því að:
 - a. Auka áhrif launafólks í þjóðmálaumræðu, s.s. í kjara-, atvinnu- og menntunarmálum.
 - b. Móta stefnu í atvinnu- og menntamálum með tengslum við fyrirtæki, menntastofnanir og stofnanir atvinnulífsins.
6. Bættu vinnuumhverfi í starfsgreinum og bættu ytra umhverfi.
7. Auknum og jafnari rétti félagsfólks og bættri þjónustu við aðildarfélög.
8. Tryggja jafnan rétt félagsmanna til vinnu hvar sem er á landinu.
9. Samstarfi við önnur samtök launafólks og iðnaðarmanna, s.s. innan ASÍ, starfsgreinasambanda á Norðurlöndum, í Evrópu og við alþjóðasamtök starfsgreinanna.

2. kafli – Aðild, réttindi og skyldur

2.1 Aðildarskilyrði

Rétt til inngöngu í sambandið hafa félög og deildir launafólks í iðnaði.

2.2 Umsókn um aðild

Inntökubeiðni hvers félags eða félagsdeildar skal fylgja afrit af lögum þess, reglugerðum sjóða, nafnaskrá er tilgreini fullt nafn, heimilisfang, kennitölu hvers félagsmanns og tilkynningu um hverjir skipi stjórn félagsins eða félagsdeildar.

Umsókn um aðild að sambandinu skal afgreidd af miðstjórn og endanlega staðfest af sambandsstjórn eða þingi hvort sem fyrr er haldið og tilnefnið félagið þá fulltrúa í sambandsstjórn.

2.3 Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Aðildarfélög, sem í sambandinu eru, hafa fullt frelsi um innri mál sín, þó þannig að ekki brjóti í bága við sambandslögin eða samþykktir sambandsþinga.

2.3.1 Um aðalfundi aðildarfélaga

Aðildarfélögin skulu halda aðalfund árlega og skal hann haldinn innan fimm mánaða frá því að reikningsárinu lýkur og skulu þeir boðaðir skriflega með minnst sjö sólarhringa fyrirvara. Þar skal flutt skýrsla stjórnar, lagðir fram reikningar áritaðir af löggiltum endurskoðanda, kjörin stjórn og trúnaðarmannaráð. Aðildarfélögum er heimilt að ákveða kjörtímabil stjórnar og trúnaðarmannaráðs til tveggja ára.

2.3.2 Samningsumboð

Sambandið fer með samningsumboð til að gera aðalkjarasamninga sem að öllu jöfnu ná til allra aðildarfélaganna. Hvert aðildarfélag hefur þó samningsrétt um kaup og kjör sinna félagsmanna og óski aðildarfélag ekki eftir að vera aðili að slíkum aðalkjarasamningi skal viðkomandi aðildarfélag tilkynna það með formlegum hætti til sambandsins tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur rennur út.

2.3.3 Skil gagna til miðstjórnar

Hvert félag skal árlega láta miðstjórn fá skýrslur yfir starfsemi sína og fjárhag sbr. gr. 6.5 á þar til gerðum eyðublöðum, sem miðstjórn lætur þeim í té. Skulu fylgja þeim skýrslum upplýsingar um fjölda félagsmanna miðað við 1. janúar ár hvert og listi yfir stjórn félagsins. Fyrir lok október ár hvert skal miðstjórn fara yfir skýrslur og reikninga þeirra félaga sem athugasemdir eru við og óska eftir skýringum ef þurfa þykir.

2.3.4 Ágreiningsmál

Aðildarfélögin hafa rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum, sem upp kunna að rísa innan eða milli þeirra til miðstjórnar. Áfrýja má úrskurði miðstjórnar til sambandsþings, en til þess tíma, er þing kemur saman, er úrskurður miðstjórnar bindandi.

2.3.5 Lagabreytingar

Aðildarfélögum sambandsins er óheimilt að láta breytingar á lögum sínum koma til framkvæmda, fyrr en laganefnd sambandsins hefur látið álit sitt í ljós og þær staðfestar af miðstjórn ASÍ.

2.3.6 Upplýsingaskylda

Aðildarfélögum sambandsins ber skylda til að tilkynna miðstjórn skriflega um vinnustöðvanir, samtímis og þær eru boðaðar atvinnurekendum. Sama gildir um samningsuppsagnir. Þá ber aðildarfélagi að senda miðstjórn afrit af kjarasamningum þeim, sem gerðir eru við atvinnurekendur, eigi síðar en tveim vikum eftir að þeir hafa verið undirritaðir.

3. kafli – Sambandsþing

3.1 Valdheimildir

Sambandsþing hefur æðsta vald í öllum málum sambandsins. Það er lögmætt, ef það er löglega boðað.

3.2 Undirbúningur og tímasetning

Þing sambandsins skal halda þriðja hvert ár. Miðstjórn ákveður þingstað og dagsetningu þingsins, hún skipuleggur og undirbýr þing og ákveður hvaða mál skuli tekin fyrir hverju sinni.

3.3 Boðun á þing

Sambandsþing skal boða skriflega með a.m.k. 9 vikna fyrirvara. Í fundarboði skal getið helstu mála sem miðstjórn hyggst leggja fyrir þingið, auk fastra dagskrárliða. Óski aðildarfélag að önnur mál verði tekin fyrir skal tillaga þar um send til miðstjórnar eigi síðar en 6 vikum fyrir þing.

Miðstjórn skal tilkynna skriflega með fjögurra vikna fyrirvara tillögu um dagskrá þingsins.

3.4 Dagskrá þings

Í þingbyrjun skal miðstjórn leggja fram dagskrá þingsins. Óski þá minnst 25% þingfulltrúa þess skriflega að tiltekið mál verði tekið á dagskrá er skylt að verða við því. Þá er einnig heimilt að taka á dagskrá síðar á þinginu mál, ef 75% þingfulltrúa samþykkja það.

Sambandsþing samþykkir fundarsköp og skal fundum þingsins stjórnað samkvæmt þeim.

Fastir dagskrárliðir eru:

1. Kosning fundarstjóra
2. Kosning ritara
3. Skýrsla miðstjórnar
4. Reikningar sambandsins
5. Ákveða hver hundraðshluti skatts aðildarfélaga til Samiðnar skal vera fyrir næsta kjörtímabil
6. Lagabreytingar, ef tillögur liggja fyrir
7. Kosning miðstjórnar og sambandsstjórnar
8. Kosning nefnda
9. Önnur mál

3.5 Atkvæðavægi

Í öllum málum á þinginu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum.

Miðstjórn eða minnst 20% þingfulltrúa geta krafist þess að hlutfall af fjölda félagsmanna hvers félags ráði við atkvæðagreiðslu mála.

Sömu ákvæði eiga við um miðstjórn og sambandsstjórn.

3.6 Kjörgengi

Kjörgengir á sambandsþing og í aðrar trúnaðarstöður sambandsins eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögunum.

3.7 Aukaþing

Aukaþing getur miðstjórn eða sambandsstjórn kvatt saman, þegar mikilvæg og óvænt mál bera að höndum.

Skylt er miðstjórn að kalla saman aukaþing, ef helmingur aðildarfélaga innan sambandsins krefst þess skriflega. Skal aukaþing boðað með minnst þriggja vikna fyrirvara og skal tilefni þingboðunar tilgreint.

4. kafli – Fulltrúakjör á sambandsþing

4.1 Kosningar og kjörgengi

Hverju aðildarfélagi ber réttur og skylda til að láta fara fram kosningu fulltrúa á sambandsþing úr hópi fullgildra félagsmanna aðildarfélags eða deilda. Þar sem um er að ræða deildaskipt félög eru þeir einir kjörgengir sem eru félagsmenn þeirra deilda sem aðild eiga að Samiðn.

Kosningarétt og kjörgengi hafa allir fullgildir félagar og skal kosningu lokið tveim vikum fyrir sambandsþing.

4.2 Kosning fulltrúa á þing

Kosning fulltrúa og varafulltrúa á þing sambandsins skal fara fram á almennum fundi eða með allsherjaratkvæðagreiðslu. Sé kosið á almennum fundi, skal hann boðaður með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara og kosningar getið í fundarboði.

Sé viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla, skal farið eftir Reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslu.

4.3 Fjöldi frá hverju félagi

4.3.1 Fjöldi þingfulltrúa

Seturétt á sambandsþingi eiga samtals 90 þingfulltrúar. Skipting þeirra er hlutfallsleg eftir stærð aðildarfélaganna og miðast við fjölda félagsmanna næstliðins árs. Aðildarfélögin skulu kjósa jafn marga fulltrúa til vara.

4.3.2 Hámarksvægi

Hámarksvægi hvers félags innan Samiðnar er 50%.

4.3.3 Uppbótarfulltrúar

Komi sú staða upp að eitthvert félag fái engan þingfulltrúa ber miðstjórn Samiðnar að fjölga þingfulltrúum og úthluta því félagi einum uppbótarfulltrúa með fullum réttindum á sambandsþingi.

4.3.4 Hlutfall

Ef úthlutun uppbótarfulltrúa leiðir til þess að aðildarfélag sem fyrir úthlutunina hafði 50% þingfulltrúa fari undir það hlutfall, skal úthluta því félagi uppbótarfulltrúa þar til 50% hlutfallið næst.

4.3.5 Áheyrnarfulltrúar

Ef eitthvert aðildarfélag er án virkra félagsmanna er miðstjórn heimilt að úthluta viðkomandi félagi áheyrnarfulltrúa sem hefur málfrelsis- og tillögurétt.

4.4 Sérákvæði

4.4.1 Deildaskipt félög

Nú háttar svo til að aðildarfélag er deildaskipt (fleiri en ein iðngrein á aðild að deildinni) og félagsmannafjöldi þess leyfir kosningu fleiri en eins fulltrúa, er félaginu þá heimilt að láta fulltrúakjör til þings Samiðnar fara fram í deildum, enda raski það ekki heildartölu fulltrúa félagsins.

4.4.2 Nýtt aðildarfélag

Hafi nýtt aðildarfélag ekki fengið staðfestingu sambandsstjórnar þegar boðað er til þings skal félagið miða fulltrúatölu sína við tölu félagsmanna, eins og hún var á árinu þegar félagið sótti um inngöngu í sambandið.

4.4.3 Óvirkt félag

Félag sem ekki hefur starfað milli þinga, ekki sent skýrslu eða hefur vanrækt skattgreiðslu, á ekki rétt á fulltrúa.

4.5 Kjörtímabil

Kjörtímabil þingfulltrúa er tímabilið á milli reglulegra þinga og má félagið ekki kjósa oftari en einu sinni á kjörtímabilinu, nema fulltrúi þess deyi eða missi kjörgengisskilyrði og varafulltrúi sé einnig forfallaður. Er félagsstjórn skyld að tilkynna það miðstjórn, sem þá fyrirskipar aukakosningar í félaginu. Skal þá einungis kjósa í stað þeirra sem forfallast.

5. kafli – Stjórn sambandsins

5.1 Kosning stjórnar

Stjórn sambandsins skal kosin á reglulegu sambandsþingi á þriggja ára fresti. Miðstjórnin skal skipuð 12 mönnum, formanni, varaformanni, ritara, vararitara og gjaldkera, ásamt sjö meðstjórnendum. Hámarksvægi hvers félags innan miðstjórnar er 50%.

5.2 Formaður og varaformaður

Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Þá skal kjósa sameiginlega tíu meðstjórnendur. Miðstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Í forföllum formanns gegnir varaformaður formennsku og ritari varaformennsku.

Láti formaður af formennsku á kjörtímabilinu tekur varaformaður við formennsku, ritari við varaformennsku og vararitari tekur við starfi ritara. Geti varaformaður ekki gegnt störfum formanns eða ritari varaformennsku skal á næsta sambandsstjórnarfundi kjósa í þeirra stað.

Hámarkstími sem formaður stjórnar getur setið sem formaður er þrjú kjörtímabil.

Bráðabirgðaákvæði: Ákvæði um hámarkstíma sem formaður stjórnar getur setið tekur gildi frá og með næsta sambandsþingi 2028.

5.3 Framkvæmdastjórn

Sambandsþing skal kjósa framkvæmdastjórn, sem skal skipuð fjórum mönnum, formanni, varaformanni auk tveggja miðstjórnarmanna.

Framkvæmdastjórn, ásamt framkvæmdastjóra, fer með stjórn á daglegum rekstri og öðrum þeim málum sem miðstjórn eða sambandsstjórn hafa tekið ákvörðun um.

Láti framkvæmdastjórnarmaður af starfi, kys miðstjórn fulltrúa í hans stað úr sínum hópi.

5.4 Sambandsstjórn

Sambandsstjórn skal skipuð 12 miðstjórnarmönnum, 12 fulltrúum kjörnum á sambandsþingi, auk eins fulltrúa frá hverju sambandsfélagi eða deild sem ekki á fulltrúa í miðstjórn.

Hámarksvægi hvers félags innan sambandsstjórnar er 50%.

Ef miðstjórnar- eða sambandsstjórnarmaður getur ekki sótt stjórnarfundir skal það aðildarfélag sem hann er fulltrúi fyrir tilnefna varamann úr sambandsfélagi eða deild innan Samiðnar.

Við val manna í miðstjórn og sambandsstjórn skal taka tillit til starfsgreina, landssvæða og félagsstærðar.

5.4.1 Fundir

Sambandsstjórn skal koma saman minnst tvisvar á kjörtímabilinu. Miðstjórn getur auk þess kvatt saman sambandsstjórn og formenn aðildarfélaganna ef hún telur það nauðsynlegt.

Meirihluti sambandsstjórnar getur óskað sambandsstjórnarfundar. Skal sá fundur haldinn innan tveggja vikna frá því að beiðni um fund kom fram. Senda skal aðildarfélögunum fundargerðir sambands- og miðstjórnar.

5.4.2 Valdheimildir

Sambandsstjórn hefur æðsta vald í öllum málefnum sambandsins milli þinga.

Á sambandsstjórnarfundum skal móta stefnu og starfshætti varðandi einstaka málaflokka og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að framfylgja stefnu sambandsins. Hverju félagi ber og hverjum þeim er trúnaðarstarfi gegnir fyrir sambandið, að hlýða fyrirmælum hennar og úrskurðum, en rétt hefur hvert félag eða einstaklingur til að skjóta ágreiningsmálum sínum við sambandsstjórn til sambandsþings, sem þá fellir fullnaðarúrskurð í málinu.

5.5 Miðstjórn

Miðstjórn ber ábyrgð á rekstri sambandsins og fer með málefni þess á milli þinga. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra til starfa og gerir við hann ráðningarsamning.

5.6 Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk til starfa og gerir við það ráðningarsamning að höfðu samráði við framkvæmdastjórn.

5.7 Réttur til setu

Sambandsstjórnar- og miðstjórnarmenn ásamt starfsfólki sambandsins hafa rétt til að sitja sem áheyrnarfulltrúar á félagsfundum í öllum félögum sem í sambandinu eru.

6. kafli – Fjármál

6.1 Skattur

Hvert sambandsfélag greiðir skatt til sambandsins sem er hundraðshluti af félagsgjöldum næstliðins árs. Sambandsþing ákveður fyrir hvert kjörtímabil hver hundraðshlutinn skal vera. Skattstofn skal miðaður við að félagsgjaldtekjur aðildarfélaganna séu sem svarar til 1% af heildartekjum félagsmanna. Við ákvörðun um skattstofn skal nota sama grunn og ASÍ notar.

Í þeim tilfellum að félög eru deildarskipt og deildirnar eru ekki með aðgreindar félagsgjaldtekjur skal miða við 1% af meðaltekjum iðnaðarmanns samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands fyrir næstliðið ár. Sú tala sem þannig er fengin (1% af meðaltekjum) er margfölduð með uppgæfnum félagsmannafjölda og myndar þannig skattstofn viðkomandi félags.

Sambandið innheimtir skatt af aðildarfélögunum til Alþýðusambands Íslands samkvæmt lögum þess.

6.2 Gjald dagar

Skattinn ber að greiða ársfjórðungslega í janúar, í apríl, í júlí og í október ár hvert. Nýtt sambandsfélag greiðir skatt á fyrsta ári eftir félagsmannatölu sinni, eins og hún er þegar það gengur í sambandið og í hlutfalli við þann tíma, sem eftir er af árinu.

6.3 Dráttarvextir

Sé skattur ekki greiddur til Samiðnar á réttum gjalddaga, skal reikna dráttarvexti á gjaldfallna skuld frá þriðja degi eftir gjalddaga. Heimilt er að gefa eftir vangreidda skatta og/eða dráttarvaxtakröfur að undangenginni ákvörðun miðstjórnar.

6.4 Skuld fyrirgerir rétti til þingsetu

Ef aðildarfélag er í skuld við sambandið, þegar sambandsþing kemur saman, missir það rétt á að senda fulltrúa til þings, þar til skuldin er að fullu greidd.

6.5 Ársreikningar aðildarféлага

Fyrir 31. maí ár hvert, senda félögin til sambandsins skýrslu um starfsemi félagsins, fjármál og stjórn þar sem tilgreind eru heimilisföng stjórnarmanna og símanúmer. Vanræki félag lengur en til 31. maí að senda skýrslu þessa, hefur miðstjórn rétt til þess að svifta það réttindum sem aðildarfélag, þar til skýrsla er gefin.

6.6 Kostnaður sambandsins ákveðinn af miðstjórn

Sambandssjóður greiðir kostnað er af starfsemi sambandsins hlýst, svo sem laun starfsfólks, erindrekstur, skrifstofukostnað og annan óhjákvæmilegan kostnað.

Miðstjórn ákveður hvernig kostnaði vegna sambandsþinga og sambandsstjórnarfunda þ.m.t. ferða,- fæðis- og gistikostnað þingfulltrúa og sambandsstjórnarmanna, skal jafnað niður á öll sambandsfélög eftir fjölda skattskyldra félagsmanna sbr. grein 6.1.

6.7 Fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri sambandsins skulu leggja tillögu að fjárhagsáætlun fyrir miðstjórn til afgreiðslu fyrir miðjan febrúar ár hvert. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár skal kynnt á sambandsþingi. Ekki er heimilt að fara í meiriháttar fjárútlát sem ekki er samþykki fyrir í fjárhagsáætlun nema með samþykki miðstjórnar.

6.8 Reikningar

Reikningar sambandsins skulu sendir til aðildarféлага ár hvert að lokinni endurskoðun.

7. kafli – Fulltrúakjör á þing ASÍ

7.1 Skipting sæta þingfulltrúa

Miðstjórn Samiðnar skiptir þeim sætum á þing ASÍ sem sambandið fær úthlutað samkvæmt lögum ASÍ. Þessum sætum skal skipt samkvæmt eftirfarandi reglu:

Fjöldi fullvinnaandi félagsmanna Samiðnar er lagður saman miðað við tekjur næsta árs á undan sbr. lög ASÍ án gjaldfrjálsra. Þau félög sem ekki hafa skilað ársreikningi eða á annan hátt fyrirgert rétti sínum til setu á þingi ASÍ skulu ekki talin með. Deila skal í þá tölu sem þannig fæst með heildarfulltrúafjölda sem Samiðn fær úthlutað. Þannig fæst út félagsmannafjöldi, vægi, á bak við

hvern fulltrúa. Síðan er hverju félagi sem seturétt hefur á þinginu úthlutað 1 fulltrúa og með sama hætti hverri deild með fleiri en 50 félagsmenn. Vægi fulltrúans er dregið frá félagsmannafjölda hvers félags. Að því loknu er hverju félagi (ekki deild) með a.m.k. 250 félagsmenn úthlutað öðrum fulltrúa og vægi hans dregið frá félagsmannafjölda félagsins. Þeim fulltrúum sem eftir standa skal síðan deilt niður á félögin í hlutfalli við félagsmannafjölda sem þá er eftir. Þá skal með sama hætti reikna út hvaða félög fengju næstu fulltrúa og skulu varamenn kallaðir til samkvæmt þeirri röð.

7.2 Kosning þingfulltrúa

Miðstjórn Samiðnar skal tilkynna aðildarfélögum sambandsins niðurstöðu sína skv. grein 7.1 eigi síðar en 6 vikum fyrir þing. Aðildarfélögunum er skylt að láta fara fram kosningu fulltrúa á þing ASÍ og varamenn þeirra úr hópi félaga sinna. Kjörgengir eru fullgildir félagsmenn þeirra iðnaðarmannafélaga og deilda iðnaðarmanna, sem aðild eiga að sambandinu. Kosningu þingfulltrúa samkvæmt framansögðu skal lokið a.m.k. 1 mánuði fyrir þing ASÍ og niðurstaða tilkynnt Samiðn.

Ljúki einhver aðildarfélaganna ekki kosningu skv. 1. mgr. eða ef einhver aðildarfélög hyggjast ekki nýta þau sæti sem þeim var úthlutað skulu þau tilkynna Samiðn það a.m.k. tveimur vikum fyrir þing ASÍ. Sé tilkynningarskyldu ekki sinnt innan tímamarka, skulu varamenn boðaðir í þeirra stað.

Komi upp forföll á síðustu stundu og aðildarfélög geta ekki nýtt þau sæti, sem þau hafa fengið úthlutað, ber þeim að tilkynna Samiðn það án tafar. Skulu varamenn þá boðaðir í þeirra stað.

8. kafli – Lagabreytingar

8.1 Samþykki

Lögum sambandsins má breyta á sambandsþingi eða aukapingi. Skulu jafnan hafðar tvær umræður um lagabreytingar og telst breytingin ekki samþykkt nema 67% atkvæða á lögmætum þingfundi samþykki hana.

Við sérstakar aðstæður getur sambandsþing eða aukaping falið sambandsstjórn að afgreiða lagabreytingar enda sé um afmarkaðar breytingar að ræða.

8.2 Tímamörk

Tillögur til breytinga á lögunum, sem aðrir bera fram en miðstjórn eða sambandsstjórn, skal senda miðstjórn ekki síðar en 4 vikum fyrir sambandsþing eða aukaping.

Tillögur til breytinga á lögunum sem sambandsstjórn eða miðstjórn ber fram, skal senda aðildarfélögunum minnst 6 vikum fyrir sambandsþing, aukaping eða sambandsstjórnarfund.

9. kafli – Brotthvarf félags

9.1 Úrsögn

Úrsögn úr sambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt með 67% atkvæða í allsherjaratkvæðagreiðslu hjá viðkomandi aðildarfélagi.

Atkvæðagreiðslan skal fara fram, ef tillaga þar um hefur verið samþykkt á lögmætum félagsfundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði að slík tillaga lægi fyrir. Atkvæðagreiðslunni skal hagað eftir Reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslu. Með samþykkt úrsagnar aðildarfélags úr sam-

bandinu, missa fulltrúar þess þar með umboð til trúnaðarstarfa innan sambandsins. Þrátt fyrir úrsögn félags helst greiðsluskylda þess á skatti til sambandsins til loka reikningsársins.

9.2 Brottvikning

Miðstjórn hefur rétt til að víkja aðildarfélagi úr Samiðn, ef hún lítur svo á að þau hafi gert sig sek í atferli sem er sambandinu til tjóns eða vanvirðu eða brjóti í bága við lög Samiðnar eða samþykktir sambandsþings. Leggja skal það mál fyrir næsta sambandsstjórnarfund eða þing eftir því hvort er haldið fyrir er leggur fullnaðarúrskurð á það.

9.3. Réttaráhrif brotthvarfs

Hvert það aðildarfélag, sem vikið hefur verið úr Samiðn, missir þegar í stað öll réttindi sín í sambandinu og fulltrúar þess missa þar með umboð til trúnaðarstarfa innan Samiðnar.

Úrsögn eða brottvikning aðildarfélags eða samtaka leysir viðkomandi ekki frá greiðslu áfallinna skatta eða annarra skulda eða ábyrgða, er hann stendur fyrir gagnvart sambandinu.

Þannig samþykkt á 11. þingi Samiðnar 9. maí 2025.